

Tillaga að breytingu á Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015 vegna skálasvæðis í Geitlandi og ísganga í Langjökli, Borgarbyggð

## **Tillaga og umhverfisskýrsla**

Febrúar 2015



## AÐDRAGANDI

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti 10. október 2014 að óska eftir að Skipulagsstofnun geri breytingu á Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015 til samræmis við fyrirbyggjandi lýsingu tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 vegna ísganga í Langjökli. Í erindi Borgarbyggðar dags. 24. október 2014 kemur fram að sveitarstjórn stefnir að samhliða málsmeðferð skipulagsbreytinga á aðal- og deiliskipulagi vegna ísganganna.

Þar til landsskipulagsstefna hefur leyst svæðisskipulag miðhálandisins af hólmi er Skipulagsstofnun heimilt að gera breytingar á svæðisskipulaginu til samræmis við tillögur að breytingu á aðalskipulagi, „þegar breytingin felur ekki í sér nýja stefnumörkun um landnotkun“. Að mati stofnunarinnar samræmist fyrirhuguð breytingartillaga meginstefnu svæðisskipulagsins en kallar á breytingu á ákvæðum í kafla 3.5.3 í greinargerð svæðisskipulagsins.

## FORSENDUR TILLÖGUNNAR OG TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Samkvæmt svæðisskipulagi miðhálandisins er eitt skálasvæði skilgreint í Borgarfjarðarsýslu, Geitlandsskáli (Langjökulsbúðir). Nú er áformuð móttaka ferðamanna í ísgöngum og íshellum í Langjökli, á svæði sem skilgreint er sem náttúruverndarsvæði í svæðisskipulaginu. Breytingartillagan sem hér er kynnt felst í breyttum ákvæðum um skálasvæðið í Geitlandi í kafla 3.5.3 en hefur ekki áhrif á svæðisskipulagsupprátt. Með breytingunni munu skipulagsákvæði um skálasvæðið einnig taka til ferðamannastaðar (móttöku ferðamanna án gistingar og matseldar) í ísgöngum í jöklinum og aðkomubeltis frá skálanum um jökulinn að ísgöngum.

Í aðalskipulagi Borgarbyggðar er jökullinn skilgreindur sem opið, óbyggt svæði með hverfisvernd vegna útivistar. Þar er bannað að raska umhverfi og dýralífi nema með leyfi sveitarstjórnar og uppbygging mannvirkja er óheimil nema að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og stefnt að áframhaldandi samstarfi við Umhverfisstofnun um verndun/friðun svæðisins. Friðlandið Geitland er skilgreint sem landbúnaðarsvæði með náttúruvernd og vatnsvernd auk þess sem þar er skilgreint þjónustusvæði ferðamanna (skáli). Kynnt hefur verið lýsing fyrir aðalskipulagsbreytingu vegna ísganganna og er þar gert ráð fyrir að breytingasvæðið á jöklinum verði skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði. Jafnframt hefur verið kynnt lýsing fyrir deiliskipulag á ísgangasvæðinu.

Að mati sveitarstjórnar Borgarbyggðar samræmist móttaka ferðamanna á jöklinum markmiðum Ferðamálaáætlunar 2011-2020, þar sem stefnt er að því að auka arðsemi atvinnugreinarinnar með fjölgun ferðamanna, sérstaklega á lágönn.

Framkvæmdir við gerð ísganga í Langjökli voru tilkynntar til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt lögum nr. 106/2000 árið 2012. Ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 15. febrúar 2013 um að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum má nálgast á eftirfarandi vefslóð: <http://www.skipulagsstofnun.is/media/attachments/Umhverfismat/943/201206080.pdf>

## EFNI TILLÖGUNNAR

Gerð er tillaga um ferðamannasvæði tengt skálasvæði Geitlandsskála (Langjökulsbúðum) á norðvestanverðum Langjökli rétt norðan Geitlandsjökuls, upp í u.þ.b. 1260 m hæð yfir sjó. Skálasvæðið nær þá einnig yfir móttökusvæði fyrir ferðamenn í u.þ.b. 400 m löngum ísgöngum og íshellum í jöklinum. Ferðamannastaðurinn verður inni í jöklinum og er gert ráð fyrir að þangað komi milli 20.000-30.000 ferðamenn á ári í skipulögðum ferðum á trukkum/snjóbílum. Gert er ráð fyrir ferðum stóran hluta ársins og munu ferðamenn hafa stutta viðdvöl í ísgöngunum þar sem boðið verður upp á fræðslu, viðburði og veitingar, en hvorki er gert ráð fyrir gistingu né matseld á staðnum. Að jöklinum er ekið um núverandi veg (551) sem liggur af Kaldadalsvegi að jökulröndinni við Geitlandsskála og áfram um aðkomubelti á ísnum frá jökulrönd upp að ísgöngum.

### Breytingar á skipulagsgreinargerð

Núverandi kafli 3.5.3 Skálar (fellur út við breytinguna)

1. *Geitlandsskáli (Langjökulsbúðir).*

Á svæðinu er skáli í eigu Langjökuls hf., nýttur í tengslum við vélsleðaferðir um Langjökulssvæðið. Skálinn var settur niður til bráðabirgða skv. leyfi frá Skipulagi ríkisins og er fyrst og fremst hugsaður sem afdrep fyrir vélsleðamenn en ekki fyrir gistingu. Að skálanum er tiltölulega stutt leið úr byggð og ákjósanlegur tengivegur að jöklinum. Mögulega matsskyld framkvæmd skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Nýr kafli 3.5.3 Skálar

1. *Geitlandsskáli (Langjökulsbúðir) og ísgöng í Langjökli.*

Skálasvæði efst í Geitlandi við brún Langjökuls auk ferðamannasvæðis á norðvestanverðum Langjökli rétt norðan Geitlandsjökuls í u.þ.b. 1260 m hæð, þar sem gert er ráð fyrir móttökusvæði fyrir ferðamenn í ísgöngum í jöklinum. Í ísgöngunum verður tekið á móti ferðamönnum til stuttrar dvalar, án gistingar og matseldar, og boðið upp á fræðslu, viðburði og veitingar. Ekki er heimilt að farga úrgangi á jöklinum, hvorki föstum né fljótandi. Á skálasvæðinu í Geitlandi er möguleg uppbygging í samræmi við almenna stefnu svæðisskipulagsins um skálasvæði, þ.e. bygging og rekstur gistiskála, auk afdreps fyrir ferðafólk í jöklaferðum eins og verið hefur. Aðkoma að skálasvæðinu er um veg 551 af Kaldadalsvegi. Aðkomubelti um jökulinn frá jökulrönd við Geitland og að ísgöngum verður skilgreint í aðal- og deiliskipulagi. Við hönnun og útfærslu mannvirkja og starfsemi á skálasvæðinu og á jöklinum skal sérstaklega gætt að því að mannvirki falli vel að landslagi og náttúru og að öryggi ferðamanna sé tryggt. Nánari ákvæði um útfærslu og starfsemi á skálasvæði í Geitlandi og tengt ísgöngunum verða sett í aðal- og deiliskipulagi og leyfisveitingum til framkvæmda og starfsemi.

## UMHVERFISSKÝRSLA

Skipulagstillagan er háð umhverfismati samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana og er það sett fram hér að neðan.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar um að gerð ísganga og hella í Langjökli skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum framkvæmda liggur fyrir, dags. 15. febrúar 2013. Niðurstöður ákvörðunarinnar liggja til grundvallar umhverfismati svæðisskipulagsbreytingarinnar.

### Umhverfi og aðstæður á skipulagssvæðinu

Sunnanverður Langjökull er skilgreindur sem náttúruverndarsvæði í svæðisskipulagi miðhálandisins, en samkvæmt svæðisskipulaginu ná náttúruverndarsvæði yfir mikilvægustu og merkustu náttúruminjar hálandisins. Langjökull tilheyrir jafnframt verndarheild samkvæmt svæðisskipulaginu sem spannar landsvæðið milli vega um Kaldadal og Kjöl. Á svæðinu sem breytingin nær til er friðlandið Geitland. Þar er skilgreint skálasvæði og þjónustusvæði ferðamanna samkvæmt skipulagi og þar er gamall fjallaskáli. Auk þess eru vatnsverndarákvæði á svæðinu samkvæmt aðalskipulagi. Langjökull fellur jafnframt undir skilgreiningu náttúruverndarlag (nr. 44/1999) á ósnortnum víðernum.

Landslag á vesturenda Langjökuls ber þess merki að jökullinn er ekki mjög brattur og hækkar nokkuð jafnt og þétt en í jaðri hans er móbergsstapinn Geitlandsjökull mest áberandi.

Á því svæði sem breytingin tekur til og í nágrenni þess er stunduð útivist og ferðamennska, einkum jöklaferðir á vélknúnum ökutækjum og gönguferðir við jökuljaðarinn.

### Þættir sem líklegir eru til að valda áhrifum

Þeir þættir framkvæmda sem taldir eru hafa áhrif á umhverfi og stefnu Svæðisskipulags Miðhálandis Íslands 2015, bæði á framkvæmda- og rekstrartíma eru:

- Mannvirkjagerð (ísgöng, ís úr göngum, inngangsmannvirki).
- Umferðarleiðir á jöklinum og umferð ökutækja að íshellinum.
- Úrgangur frá ferðamannastaðnum.

Áhrifasvæði fyrirhugaðra framkvæmda, bæði á framkvæmdatíma og á rekstrartíma ræðst af eftirfarandi:

- Bein áhrif framkvæmda á jökulinn
- Áhrif á landslag, víðerni og hljóðvist
- Áhrif á vatnsgæði
- Áhrif á heilsu og öryggi ferðamanna

## Umhverfispættir

Umhverfismat skipulagstillögunnar beinist að eftirtöldum þáttum:

- **Landslag og víðerni.** Mannvirki á jökli og umferð vélknúinna farartækja til og frá ísgöngum kunna að hafa áhrif á landslag og víðerni.
- **Vatnsgæði.** Meðhöndlun efna og úrgangs vegna móttöku ferðamanna í ísgöngunum og umferð um jökulinn kann að hafa áhrif á vatnsgæði.
- **Landnotkun.** Mannvirki á jöklinum og umferð til og frá ísgöngunum kunna að hafa áhrif á upplifun ferðamanna og útivistarfólks.
- **Hljóðvist.** Hávaði af umferð ökutækja kann að hafa áhrif á upplifun útivistarfólks.

## Viðmið og vægiseinkunnir

Við umhverfismat fyrirhugaðra breytinga á Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015 er lagt mat á hvort líkleg áhrif teljast jákvæð eða neikvæð með tilliti til breytinga frá grunnástandi umhverfisins, samlegðar með öðrum framkvæmdum og samræmis við meginstefnu svæðisskipulagsins.

+	Breyting á svæðisskipulagi styður við stefnu svæðisskipulagsins og/eða hefur jákvæð áhrif á viðkomandi umhverfispátt
0	Breyting á svæðisskipulagi hefur óveruleg áhrif á stefnu svæðisskipulagsins og/eða viðkomandi umhverfispátt
-	Breyting á svæðisskipulagi vinnur gegn stefnu svæðisskipulagsins og/eða hefur neikvæð áhrif á viðkomandi umhverfispátt

## Niðurstaða umhverfismats

Umhverfis Þáttur	Áhrif	Skýring
Landslag og víðerni	0	Landslag á svæðinu er að mestu ósnortið ef frá er talið skálinn við Geitland og vegur sem að honum liggur. Fyrirhuguð breyting á svæðisskipulagi mun hafa í för með sér ný mannvirki á jöklinum. Fleiri ökutæki á jöklinum og við jökuljaðar munu hafa áhrif á ásýnd svæðisins. Breytingin mun hafa bein áhrif á landslagsheild sem hefur gildi sem ósnortið víðerni og nýtur verndar samkvæmt náttúruverndarlögum. Frágangur á framkvæmdasvæði (svo sem notkun efna úr ísgöngum í manir sem skyggja á bíla) mun draga úr sjónrænum áhrifum.
Vatnsgæði	0	Grunnvatnsstraumar liggja til suðurs og vesturs frá fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Meðhöndlun efna og úrgangs vegna móttöku ferðamanna, svo og umferð vélknúinna ökutækja á svæðinu kann að hafa áhrif á grunnvatn og vatnsgæði. Hægt á að vera að tryggja að farartæki sem tengjast starfseminni standist ástandsskoðun til dæmis með tilliti til hættu á olíuleka. Með því að engin förgun úrgangs, hvorki fasts né fljótandi, eigi sér stað á jöklinum verður verulega dregið úr líkum á því að snjór og vatn mengist við nýtingu ganganna. Þynningaráhrif í grunnvatni verða mikil og mengunarhætta því lítil. Tryggja verður að við framkvæmdir og rekstur verði hætta á mengunaróhöppum lágmrökuð, viðbragðsáætlanir verði til staðar og að gripið verði til aðgerða í tíma ef óhöpp verða. Verði rekstri hætt er unnt að líta svo á að um afturkræfa framkvæmd sé að ræða.
Landnotkun	0	Geitland er vinsæll áningarstaður ferðamanna og er ásamt Langjökli sjálfum, vinsælt útivistarsvæði. Gera má ráð fyrir að mannvirki á jökli og aukin umferð vélknúinna farartækja til og frá ísgöngum muni breyta þeirri víðáttuupplifun sem ferðamenn njóta þar í dag.
Hljóðvist	0	Hávaði af umferð ökutækja kann að hafa áhrif á upplifun útivistarfólks.

Áhrif svæðisskipulagsbreytingarinnar á landslag og víðerni, vatnsgæði, landnotkun og hljóðvist eru talin óveruleg. Áhrif af ísgöngum og rekstri ferðaþjónustu þar eru afturkræf, verði rekstri ísganga hætt. Áhrifin verða í heild staðbundin og ekki veruleg.

### Vöktun umhverfisáhrifa

Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar við ísgöng í Langjökli tók stofnunin undir með Umhverfisstofnun um að áhugavert sé að kanna hvort lífríki sé að finna í jökulísnum og ef svo reynist sé mikilvægt að vakta það og hugsanleg áhrif framkvæmdarinnar á það. Önnur vöktun svo sem vegna breytinga á akstursleiðum og sprungum á jökli og í ísgöngunum m.t.t. öryggis gesta, meðferðar úrgangs og vegna hugsanlegra mengunarslysa verði liður í starfsleyfi.

### KYNNING OG SAMRÁÐ

Lýsing fyrir svæðisskipulagsbreytinguna var unnin af Skipulagsstofnun sbr. 4. tl. bráðabirgðaákvæða skipulagslaga og 2. mgr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlana og kynnt umsagnaraðilum í janúar 2015. Umsagnir án athugasemda bárust frá Bláskógabyggð, Húnavatnshreppi, Veðurstofu Íslands, Vegagerðinni og Heilbrigðiseftirliti Vesturlands auk þess sem Heilbrigðiseftirlit Suðurlands sagðist ekki gefa umsögn þar sem umrætt svæði heyrði ekki undir það. Ferðamálastofa, Samtök ferðaþjónustunnar (SAF), Umhverfisstofnun og Þjóðgarðurinn á Þingvöllum sendu inn eftirfarandi ábendingar:

Ferðamálastofa bendir á að fjalla þurfi um áhrif veðurfars og sprungusvæða á jöklinum á öryggi og setja fram mótvægisáðgerðir til að auka öryggi ferðamanna. Skipulagsstofnun tekur undir mikilvægi þess að öryggi ferðamanna sé tryggt og telur að á þessu þurfi að taka í starfsleyfi vegna rekstrar ísganganna.

Samtök ferðaþjónustunnar benda á að mannvirki þurfi að falla vel að landslagi og að huga þurfi að umhverfi og sjálfbærni með tilliti til meðhöndlunar efna og úrgangs frá starfsemi. Skipulagsstofnun tekur undir mikilvægi þessara þátta. Í svæðisskipulagsbreytingunni eru þessi atriði sérstaklega áréttuð. Jafnframt telur Skipulagsstofnun að á síðari stigum, sérstaklega í deiliskipulagi, þurfi að setja nánari ákvæði og skilyrði sem stuðla að því að mannvirki falli sem best að landslagi.

Umhverfisstofnun bendir á að mannvirkjagerð og jarðrask í friðlandinu Geitlandi er háð leyfi stofnunarinnar. Jafnframt kemur fram að öllum er frjálst umferð um friðlandið en umferð ökutækja er óheimil utan vega og merktra slóða. Fjalla þurfi um meðhöndlun efna og úrgangs og umferð um jökulinn og hugsanleg áhrif þessara þátta á vatnsgæði. Einnig þurfi að bæta eftirlit með umgengni við Jaka (Geitlandsskála) s.s. varðandi olíu og glussa og fjalla um landnotkun hvað varðar akstur utan vega og hvernig bílum er lagt. Skipulagsstofnun telur að á framangreindum ábendingum Umhverfisstofnunar þurfi að taka í deiliskipulagi og leyfisveitingum vegna framkvæmdar og starfsemi.


Þjóðgarðurinn á Þingvöllum bendir á að þótt svæðið sé utan þjóðgarðsins á Þingvöllum þurfi að hafa í huga lög um verndun vatnasviðs Þingvalla nr. 85/2005 og fara að ýrtruðu kröfum þar sem

mörk vatnasvæða á jöklinum eru óviss. Þar sem aðkomuleið að Geitlandi getur verið um þjóðgarðinn er bent á að akstur olíuflutningabíla og flutningur hættulegra, mengandi efna er bannaður í þjóðgarðinum, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 848/2005. Skipulagsstofnun telur að á framangreindum ábendingum þurfi að taka í leyfisveitingum vegna framkvæmdar og starfsemi.

Tillagan ásamt umhverfisskýrslu verður í auglýsingu í 6 vikur frá 2. mars til 13. apríl 2015 og geta allir þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta gert skriflegar athugasemdir til Skipulagsstofnunar innan framangreinds frests. Jafnframt verður tillagan send sömu umsagnaraðilum og fengu lýsingu til umsagnar, utan Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Að loknum athugasemdafresti mun stofnunin fara yfir athugasemdir og svara þeim innan 6 vikna og eftir atvikum gera breytingar á tillögunni, ef athugasemdir gefa tilefni til þess. Skipulagsstofnun afgreiðir síðan tillöguna til staðfestingar umhverfis- og auðlindaráðherra. Ráðherra hefur 3 mánuði til að staðfesta tillöguna.

# Breyting á Svæðisskipulagi Miðhálandis Íslands 2015

Vegna skálasvæðis í Geitlandi og ísganga í Langjökli, Borgarbyggð



Staðfest Svæðisskipulag Miðhálandis Íslands 2015

## Grunnupplýsingar

- Mörk skipulagsbreytingar
- Mörk svæðisskipulags miðháðhálandis
- Mörk sveitarfélaga
- Sýslumörk

## Verndarsvæði

- Náttúruverndarsvæði
- Almenn verndarsvæði
- Svæði á náttúruminjasrá
- Merkar fornminjar

## Þjónustustaðir ferðamanna

- Jaðarmiðstöðvar
- Skálar
- Fjallasel

## Samgöngur

- Stofnvegir
- Tengivegir
- Aðalfjallvegir
- Fjallvegir
- Einkavegir og aðrar ökuleiðir
- Fyrirhugaðir aðalfjallvegir
- Fyrirhugaðir fjallvegir
- aðrir vegir dreifbýli
- Megingönguleiðir
- Helstu reiðleiðir
- Flugvellir



30.12..2014